

63. stjórnarfundur Þekkingarsetursins Nýheima
10. 2. 2016 kl. 8:15

Fundarstjórn: Eyjólfur Guðmundsson

Ritari: Helga Árnadóttir

Forfölluð: Ragnhildur Jónsdóttir og Þorvarður Árnason. Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir, Bryndís Hólmarsdóttir og Olga Ingólfssdóttir mættu seint.

Efni:

- 1. Heimsókn CFL (Center for Flexible Learning í Svíþjóð) til Hafnar í haust**
Heimsóknin felur í sér miðlun upplýsinga í tengslum við fjarkennslu og framhaldsfræðslu og sótt um styrk til Erasmus+ s. l. vor og komu Davíð og Ragnhildur að þeirri umsókn. Styrkurinn fékkst og undirbúningur að heimsókninni þegar hafinn. Vinnudagsetningar eru 29. ágúst til 1. september 2016. Davíð heldur utan um heimsóknina, með aðkomu FAS, Rannsóknarsetursins, Fræðslunetsins, Fræðsluskrifstofunnar og Vöruhússins. Í framhaldinu kynnti Eyjólfur átak skólans og nýjar áherslu í fjarkennslu fyrir komandi haustönn.
- 2. Ásýnd Nýheima - Sími, merkingar og bréfsfni**
Þekkingarsetrið Nýheimar er skráð fyrir öllum símanúmerum inn í húsið á Já.is og fær tilsvarendi reikninga frá fyrirtækinu. Davíð óskar eftir að fá að segja upp áskriftinni og að setja inn eingöngu þau símanúmer sem snúa að þekkingarsetrinu. Tillagan var samþykkt einróma. Davíð hefur leitað tilboða í eftirfarandi vegna merkinga í húsinu:
 1. Uppfærsla á límmiðum á við inngang utandyra.
 2. Stálskilti í báðum inngöngum, 110 x 120 cm.
 3. Límmiði í rúðu við innkomu á Háskóla- og Frumkvöðlagang.Í allt er þetta pakki upp á rúmlega 300 þúsund krónur. Lagt til að skipta kostnaði milli stofnana. Davíð sendir tölvupóst á alla sem aðild ættu að þessum merkingum með nánari upplýsingum um útlit og kostnað. Davíð hefur fengið tilboð frá Odda sem nemur 200 þús. vegna Skrifstofuvara fyrir Nýheima, s.s. möppur, bréfsfni, umslög og skrifblokkir, og lagði til að þekkingarsetrið keypti vörurnar. Tillagan var samþykkt einróma. Einnig sagði Davíð frá því að það er verið að vinna í merki (lógó) Nýheima. Umræða um miðlun skjala á heimasíðu Nýheima. Að auki hvort ekki sé hægt að miðla fréttum af öðrum heimasíðum inn á heimasíðu Nýheima.
- 3. Aðalfundur Þekkingarseturs Nýheima**
Samþykkt að fundurinn verði haldinn þriðjudaginn 15. mars kl. 16.00

Önnur mál:

- Davíð kynnti fyrirhugaða fundi framundan, m.a. fund með framkvæmdastjóra Vatnajökulsþjóðgarðs, Þórðar Ólafssonar, og Tómasi Jóhannessyni, sérfræðingi frá Veðurstofunni, er varðar sóknaráætlun umhverfis- og auðlindaráðuneytis í loftlagsmálum.
- Davíð kynnti fyrirhugaða heimsókn Eyjólfur Sturlaugssonar, nýs framkvæmdastjóra Fræðslunetsins – símenntunar á Suðurlandi, á morgun (fimmtudaginn 11. febrúar).
- Davíð minnti á árshátíðina 20. febrúar.
- Davíð minnti á að í dag er öskudagur og að börnin verði boðið upp á sælgæti í Nýtorgi í dag.
- Eyjólfur ræddi um hugmynd að koma upp sameiginlegri aðstöðu fyrir Matís og kennslueldhús fyrir skóla og samfélag. Aðili frá Matís mun koma í heimsókn 19. febrúar næstkomandi til umræðu um hugmyndina.
- Eyjólfur kynnti facebook-síðu sem hann hefur haft veg og vanda að þar sem er verið að leiða saman aðila í ferðapjónustu með það að markmiði að efla menntun í afþreyingarferðapjónustu.
- Kristín ræddi um dræma kaffistofumenningu í húsinu og hvatti til aukinnar þátttöku.

Evin Haf Gunnarsson
Helga Árnadóttir